



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Fyrirspurn um biðlista í heimaþjónustu

Þann 18. nóvember 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði eftirfarandi fyrirspurn:

Í heimaþjónustu sem dæmi er biðlisti sökum manneklu. En nú þegar atvinnuleysi er mikið og þar af leiðandi ekki skortur á mannaflí mætti ætla að hægt væri að manna heimaþjónustu sem og aðra velferðarþjónustu að fullu.

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort þetta tækifæri hafi verið nýtt og hvort biðlistar hafi þá ekki styst verulega í velferðarkerfinu?

Svar:

Í október 2020 voru 2.247 heimili með félagslega heimaþjónustu. Þann 10. desember eru 22 einstaklingar á biðlista, þ.e. fjórir í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, níu í Laugardal og Háaleiti, sjö í Breiðholti, einn í Árbæ og Grafarholti og einn í Grafarvogi og Kjalarnesi. Þeir sem eru á biðlistanum eru flestir með aðra þjónustu en félagslega hluta heimaþjónustunnar, þ.e. heimahjúkrun eða þjónustu Endurhæfingateymisins. Þá getur umsókn í félagslega hlutann verið sett á bið á meðan verið er að meta hvernig þjónusta myndi gagnast best, meðal annars með tilliti til endurhæfingar. Einnig eru umsóknir settar á biðlista þegar þjónustan er tímabundið óvirk, t.d. þegar beðið er eftir að notendur útskrifist af spítala og þjónusta geti hafist. Á velferðarsviði gengur vel að manna í lausar stöður og eru nú einungis tvær auglýsingar á vef Reykjavíkur um laus störf í félagslegri heimaþjónustu. Vegna stöðu á atvinnumarkaði eru umsækjendur um hvert starf mun fleiri nú en áður og auðveldara hefur verið að manna laus störf á velferðarsviði samanborið við síðustu ár.